



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni sjötta pistils:

- Stjórnsýsla og rekstur
- Kynningarmál og heimasíða
- Framkvæmdir
- Umhverfi og atvinnumál
- Fræðslumál
- Starfsmannamál
- Næstu verkefni

Ég vil óska öllum íbúum Svalbarðsstrandarhrepps gleðilegs nýs árs með þökk fyrir árið sem er nú liðið.

Nú þegar nýtt ár er gengið í garð er rétt að segja frá þeim verkefnum sem framundan eru og fara yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að síðustu mánuði og ár.

Verkefnalistinn nær yfir tvö ár, ég ætlaði mér að skrifa pistla eftir fundi sveitarstjórnar en eitthvað hafa heimtur orðið rýrar en þið fyrirgefið það nú vonandi um leið og ég lofa bót og betrun.

STJÓRNSÝSLA OG REKSTUR

Vel hefur gengið í rekstri sveitarfélagsins síðustu ár en Svalbarðsstrandarhreppur eins og önnur sveitarfélög finnur fyrir áhrifum samdráttar sem fylgt hefur heimsfaraldri COVID -19.

Í fjárhagsáætlun 2021-2024 er gert ráð fyrir hallarekstri árið 2021 og áframhaldandi halla til ársins 2024 miðað við núverandi forsendur. Vert er að benda á að við gerð fjárhagsáætlunar er gengið út frá þeirri sviðsmynd að tekjur séu varlega áætlaðar um leið og gert er ráð fyrir hækkuðum útgjöldum. Eitt þeirra verkefna sem bíður okkar hér á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps árið 2021 er að núllstillja fjárhagsáætlunina, sem þýðir í raun að þá skoðum við reksturinn í heild sinni og veltum fyrir okkur hverjum lið í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, hvar hægt sé að skera af og hvar hægt sé að breyta. Það er eðlilegt að á nokkurra ári fresti sé rekstur sveitarfélagsins skoðaður í kjölinn og þá nákvæmar en venjulega er gert í árlegri fjárhagsáætlunarvinnu. Við þessa vinnu eru áherslur sveitarstjórnar hafðar að leiðarljósi.



Mynd Elísabet Inga Ásgrímsdóttir

NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Sveitarstjórn hefur lagt áherslu á óskerta þjónustu við íbúa í stað þess að fara í niðurskurð á þjónustu og uppsagnir. Þess í stað verður á næstu misserum dregið úr viðhaldsverkefnum. Áhersla er lögð á að standa vörð um grunnþjónustu á þessum samdráttartímum og að þjónusta við barnafjölskyldur skerðist ekki. Það er því



Ljós. Svava



Ljós. Arney Ósk



Ljós. Óþekktur

mikilvægt að við veltum fyrir okkur hverri krónu og nýtum vel það fjármagn sem við höfum. Það er í sjálfu sér alltaf markmiðið okkar en nú þegar tekjur sveitarfélagsins eru að dragast saman og útgjöld að aukast verðum við að forgangsraða og stokka upp ef hægt er. Markmiðið er alltaf það saman, að reksturinn sé sjálfbær sem þýðir að reksturinn þurfi að skila tekjum sem nægja til að greiða rekstrargjöld, eðlilega fjárfestingu og viðhald eigna. Markmiðið er að ekki þurfi að grípa til lántöku vegna rekstrar þó tekjur dragist saman. Einn þáttur í þessari vinnu er að **bjóða út** þær framkvæmdir sem sveitarfélagið fer í og leita tilboða í minni verkefni. Þannig hafa bæði sorphirða og húsbyggingar verið boðnar út og hafa verktakar verið duglegir að senda **tilboð**. Þá hefur skólaakstur, snjómokstur og gatnagerð verið boðin út og tilboða leitað í þjónustu iðnaðarmanna og uppsetningu og rekstur tölvukerfa. Samið hefur verið við **MOTUS** sem heldur utan um frum- og milliinheimtu sveitarfélagsins og hreppurinn hefur tekið yfir rekstur götulýsinga á Svalbarðseyri. Samningar hafa verið gerðir við UMFE og björgunarsveitina Tý og nýir samningar gerðir við **TERRA** vegna sorphirðumála í Svalbarðsstrandarhreppi.

Eitt af síðustu verkefnum fyrir jól var að ljúka við gerð **fjárhagsáætlunar** þar sem þessar áherslur voru ráðandi um leið og verkefni næsta árs ásamt verkefnum næstu þriggja ára voru kortlögð. Sveitarfélagið er vel rekið og framkvæmdastig hefur verið hátt undanfarin ár. Sveitarfélagið hefur náð að fjármagna framkvæmdir og nýbyggingar án lántöku en gert er ráð fyrir að lán verði tekið fyrir byggingu tveggja parhúsa við Bakkatún 18 og 20. Gert er ráð fyrir að húsin verði tilbúin á fyrsta ársfjórðungi 2022. Fjárhagsáætlun 2021-2024 má finna á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt ársreikningum fyrri ára.

Mikilvægt er að stjórnsýsla sé vönduð og aðgengi íbúa að upplýsingum sem þá snerta sé gott. Sveitarstjórn hefur því ákveðið að taka þátt í vinnu á vegnum Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem leitast verður við að nýta **upplýsingatækni** til þess að lækka kostnað, auka framleiðni og bæta þjónustu við íbúa. **Fundargerðir** sveitarstjórnar eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins og átak hefur verið gert í að bæta fundargerðir og segja betur frá þeim málum sem til



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

umfjöllunar eru. Sveitarfélagið heldur utanum málaskrá í skjalastjórnunarkerfinu One og áhersla er lögð á að erindum sé skilað skriflega sem auðveldar alla málsmeðferð og eftirfylgni.

Mikið átak hefur verið unnið síðustu tvö ár í **skráningu og vistun skjala**, skjalaskápar teknir í gagnið og gengið frá gögnum til að auðvela og tryggja aðgengi að þeim. Þá hefur mikil vinna hefur verið lögð í að **bæta stjórnáslu**, uppfæra reglur og vinna eftir ábendingum stjórnásluúttekta endurskoðenda.

Sveitarstjórn hefur endurskoðað eða sett sér nýjar **samþykktir og reglur** og heldur sú vinna áfram árið 2021.

- Jafnlaunastefna hefur verið unnin og samþykkt/vottuð
- Reglur hafa verið settar um framlagningu viðauka
- Erindisbréf nefnda hafa verið samþykkt
- Þagnar- og trúnaðarskyldur starfsmanna og sveitarstjórnar unnar
- Reglur um tónlistarnám utan sveitarfélagsins verið settar
- Gerð hefur verið samþykkt um ungmennaráð Svalbarðsstrandarhrepps,
- Reglur um námsvist utan grunnskóla sveitarfélagsins settar
- Reglur um sí- og endurmenntun starfsmanna settar
- Starfslýsingar endurskoðaðar
- Aðgerða- og viðbragðsáætlarnir unnar
- Umhverfisstefna sveitarfélagsins unnin
- Samþykktar hafa verið
 - Starfsmannastefna
 - Siðareglur
 - Persónuverndarstefna
 - Jafnréttisáætlun
 - Húsnæðisáætlun
 - Umhverfisstefna




NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Auk þess hefur skipurit Svalbarðsstrandarhrepps var unnið í tengslum við stofnun teymis skólastjórnenda og breytinga sem urðu á stjórnendateymi skólans vorið 2020. Þá hefur sveitarfélagið lokið löngu ferli innleiðingar jafnlaunavottunar og fengið vinnuna samþykta. Í janúar 2021 samþykkti sveitarstjórn nýjar **samþykktir um stjórnun og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps** en eldri samþykktir voru frá árinu 1998 með breytingum á nokkrum greinum frá árinu 2006.

Íbúar hafa verið duglegir að heimsækja skrifstofur sveitarstjórnar og unga kynslóðin er ófeimin við að kíkja við og ræða málin. COVID-19 hafði mikil áhrif á þessar ánægjulegu heimsóknir, hér var skellt í lás og starfsmenn skiptust á að mæta til vinnu á skrifstofu en unnu annars að heiman. Starf sveitarstjóra er mjög fjölbreytt og mikið er um fundasetur. COVID-19 breytti miklu þegar kemur að fundahaldi, ferðum fækkar og tíminn nýtist betur. Á hinn bóginn förum við á mis við ansi margt þegar formið verður eins knappt og raun ber vitni þegar fundarsalurinn er í netheimum. Almennt spjall samstarfsmanna, skoðanaskipti og allt það sem við getum rætt umfram það sem fundarboðið setur okkur er með allt öðrum hætti þegar við hittumst í persónu. Vonandi getum við farið að umgangast ættingja, vini, vandamenn og samstarfsfólk aftur, hlegið, skipst á skoðunum, búið til ný verkefni og miðlað okkar á milli.



Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 03. desember 2019



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Sveitarstjórn hefur samþykkt að Svalbarðsstrandarhreppur verði **barnvænt samfélag** og er unnið að því að **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** verði sýnileg í allri vinnu sveitarfélagsins. Stofnun ungmennaráðs er hluti þessa starfs en bæði leik- og grunnskóli vinna nú þegar eftir heimsmarkmiðunum og hreppurinn okkar er barnvænn þar sem mikil áhersla er lögð á vandað skólastarf og góðan aðbúnað nemenda og starfsmanna.



KYNNINGARMÁL OG HEIMASÍÐA

Síðastliðið haust var **ný heimasíða** sveitarfélagsins tekin í notkun og vonandi er hún aðgengilegri en gamla heimasíðan. Leik- og grunnskóli tóku nýja heimasíðu í notkun síðastliðið vor. Síðurnar eiga að vera aðgengilegar í sínum og snjalltækjum, flokkar fáir og aðgangur notenda að upplýsingum einfaldaður. Síðurnar eru myndrænar og til þess að safna fallegum ljósmyndum sem m.a. er hægt að nota á síðunum hefur verið efnt til samkeppni og kallað eftir ljósmyndum t.d. fallegum vetrarmyndum. Eitt þeirra verkefna sem áætlað er að vinna árið 2021 er söfnun og skráning ljósmynda, gamalla og nýrra, í umsjón sveitarfélagsins, skólanna og einkaaðila. Mikill fjöldi er til af gömlum myndum og mikilvægt að haldið sé utan um þær, upplýsingum safnað og þær varðveittar. Í skólunum er til mikill fjöldi ljósmynda sem þarf að skanna og skrá nöfn, dagsetningar og annað sem viðkemur ljósmyndunum. Sveitarfélagið hefur unnið að skönnun **teikninga af mannvirkjum** innan sveitarfélagsins og geta íbúar nú




nálgast teikninga af húsnæði sínu og opinberir aðilar geta vistað teikningar af framkvæmdum. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu húsa, rotþróa, legu lagna og þjónustu í sveitarfélaginu á síðunni map.is/eyjafjordur. Unnið er að því að skrá staðsetningu, stærð og losun allra **rotþróa** í sveitarfélaginu með það að markmiði að auðvelt sé að fylgjast með tíðni



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

losunar og skipuleggja losun. Mikill fjöldi teikninga er í skjalaskáp á skrifstofu sveitarstjórnar og hafa þær verið skráðar og auðvelt að leita uppi teikningar en eins og áður kom fram má nálgast þær á map.is.

Árið 2019 var gerður samningur við N4 um gerð nokkurra stuttra þátta um lífið á Svalbarðseyri. Innslögin verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins en markmiðið var að draga upp jákvæða mynda af mannlífinu á Svalbarðsströnd. Haldið hefur verið utanum sýnileika Svalbarðsstrandarhrepps í fjölmiðlum og sýnileikinn aukist á milli ára. Árið 2020 var aðallega fjallað um uppbyggingu Valsárhverfis, gatnagerð og fyrirhugaðar húsbyggingar auk þess sem umræða um mögulega sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð vakti forvitni fjölmiðla.



Á næstu vikum og mánuðum verður áhersla lögð á að kynna nýjar lóðir í Valsárhverfi auk þeirra fasteigna sem verða byggðar við Bakkatún og eru til sölu. Þá verður farið í vinnu við að skrá ljósmyndir úr starfi leik- og grunnskóla auk þess sem auglýst verður eftir gömlum ljósmyndum sem gefa góða mynd af mannlífinu á Svalbarðsströnd.



FRAMKVÆMDIR

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps er í endurskoðun og verið er að vinna deiliskipulag fyrir Laugartún og Smáratún. Nýtt Valsárhverfi hefur kallað á mikla skipulagsvinnu og sveitarstjórn ákvað að breyta húsagerð við Bakkatún þar sem fjölbýlishús viku fyrir einbýlis- og parhúsum. **Skipulagfulltrúi** sveitarfélagsins er staðsettur í á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar og sveitarfélögin Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur reka embættið í sameiningu. Mikið annríki hefur verið hjá embættinu enda bæði íbúar og sveitarfélögin dugleg við framkvæmdir. Verið er að byggja nokkur hús í syðri hluta sveitarfélagsins auk þess sem lóðir hafa verið samþykktar og viðbúið að á næstu árum eigi íbúum eftir að fjölga þar og sama er að segja um fjölgun íbúa á Svalbarðseyri í nýju Valsárhverfi.



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Fráfarandi sveitarstjórn hafði hafist handa við **gatnagerð** og byggingu tveggja parhúsa við Tjarnartún nr. 4 og nr. 6, þegar núverandi sveitarstjórn tók við. Núverandi sveitarstjórn vann að frágangi gatna, Tjarnartúns, Borgartúns og neðsta hluta Bakkatúns og um mitt ár 2019 voru parhúsin tilbúin. Þrjár íbúðir hafa verið seldar, ein er í leigu en áætlað er að selja þá eign. Sveitarstjórn ákvað að halda áfram með gerð Bakkatúns og síðastliðið sumar var hafist handa við gatnagerðina og lýkur henni formlega á fyrstu mánuðum ársins 2021. Bakkatún nær þá að húsum nr. 22 og nr. 21.



Svalbarðsströnd
**EINSTAKT ÚTSÝNI
VIÐ EYJAFJÖRÐ**

Valsárhverfi er á Svalbarðseyri þar sem Landinu hallar til vesturs og mikið og fagurt útsýni er.

Svalbarðsströndarhreppur er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúar eru um 460. Í sveitarfélaginu er glæsilegur leikskóli og metnaðarfullur grunn- og tónlistarskóli. Svalbarðsströndarhreppur vinnur að því að verða Børnvannt samfélag, umhverfið er ævintýraheimur krakka og við leggjum áherslu á öruggar gönguleiðir barna til og frá skóla. Umhverfi Svalbarðseyrar gefur kost á fjölbreyttri útvist í einstöku umhverfi. Akureyrarþær er í 10 mínútna akstursfjarlægð.

 Svalbarðsströndarhreppur
464 5500
postur@svalbarðstrond.is




**SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR AUGLÝSIR
LÓÐIR TIL ÚTHLUTUNAR**

Til úthlutunar eru eftirfarandi lóðir í Valsárhverfi:

- Átta parhúsaloðir/einbýlishúsaloðir við Tjarnartún og Bakkatún
- Tvær raðhúsaloðir við Bakkatún

VIÐ úthlutun verður farið eftir reglum Svalbarðsströndarhrepps um úthlutun lóða. Úthlutun fer fram 11. ágúst 2020 klukkan 12:00 og skulu umsóknir berast skrifstofu Svalbarðsströndarhrepps eða á netfangið postur@svalbarðstrond.is, fyrir þenn tíma.

Nánari upplýsingar um lóðir, skilmála og umsóknareyðublað má nálgast á www.svalbarðstrond.is eða tölvupósti á postur@svalbarðstrond.is

Búið er að ganga frá samningum við verktaka um **byggingu tveggja parhúsa við Bakkatún 18 og 20** og gert er ráð fyrir að íbúðirnar verði tilbúnar á fyrsta árshluta ársins 2022. Lóðir við Bakkatún og Tjarnartún eru til sölu og einkaaðilar hafa þegar keypt og byggt glæsileg hús í nýjum götum. Sveitarstjórn hyggst ekki ráðast í frekari gatnagerð að svo stöddu, teikningar og skipulag er tilbúið og haldið verður áfram þegar eftirspurn kallar á fjölgun lóða. Útsýnið frá húsunum við Bakkatún og Tjarnartún er stórbrotið og nálægðin við hafið setur mikinn svip á byggðina.





NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Hafnarsamlagið fór í framkvæmdir á **hafnarsvæðinu** síðastliðið sumar þar sem ný bryggja var sett upp, hún stækkuð og snúið auk þess sem svæðið næst bryggjunni var malbikað. Áður hafði höfnin verið dýpkuð. Sveitarfélagið nýtti tækifærið og malbikaði planið við höfnina og að Áhaldahúsi og rafmagn var lagt milli Áhaldahúss og hafnar. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin fari í framkvæmdir vegna lagfæringar á **varnargarði** meðfram Svalbarðstjörn og Tungutjörn í sumar og göngustígar meðfram tjörnunum njóta góðs af þeirri vinnu og frágangi á svæðinu.



Árið 2020 var **unnið að viðhaldi húsnæðis** bæði í leik- og grunnskóla. Álfaborg var máluð að utan sumarið 2019 en sumarið 2020 var komið að lagfæringum innanhúss. Inngangur að ungbarnadeild var færður og er nú sér inngangur fyrir deildina. Fatahengi voru smíðuð og aðstaða innan deildarinnar endurnýjuð. Kaffistofa og vinnuaðstaða starfsmann voru flutt í austasta hluta skólahúsnæðisins og fyrrum skrifstofa leikskólastjóra gerð að vinnuaðstöðu. Skrifstofa leikskólastjóra var þá færð miðsvæðis á fyrrum kaffistofa starfsfólks. Starfsmenn hafa nú góða vinnuaðstöðu sem nýtist vel þar sem undirbúningstími var aukinn við gerð síðustu kjarasamninga. Á eldri deildum var aðstaða í forstofu lagfærð, nýir skápar og hillur komu í forstofu og húsgögn og aðstaða innan deilda endurnýjuð. Leiksvæði ungbarnadeildar var lagfært, mjúkt undirlag sett og ný leiktæki sem sniðin eru að yngstu notendunum tekin í notkun. Sumarið 2021 er fyrirhugað að fara í **lagfæringar á leiksvæði eldri barnanna**, nýr kastali og rennibraut verða sett upp og umhverfið lagað. Það hafa því orðið miklar breytingar á starfsumhverfi barna og starfsmanna leikskóla.

Í Valsárskóla var **vinnuaðstaða kennara** lagfærð og kaffiaðstaða endurnýjuð. Í vinnuaðstöðu hafði komið upp mygla og leki frá þaki sem komið hefur verið í veg fyrir. Sama var uppá teningnum í kaffistofu kennara og stofu sem kölluð er Dropi. Lekinn virðist ætla að verða okkur



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

erfiður en með þeim lagfæringum sem unnar hafa verið erum við vonandi búin að komast fyrir myglu og öll aðstaða starfsmanna orðin mjög góð. Úttekt er gerð að loknum framkvæmdum.

UMHVERFI OG ATVINNUMÁL

Göngustígur milli Smáratúns og Borgartúns var malbikaður sumarið 2020 og útibekkir og borð hafa verið sett upp á nokkrum stöðum á gönguleiðum innan Svalbarðseyrar. Á næstu vikum verður gengið frá göngukorti af svæðinu þar sem hægt verður að fá upplýsingar um lengd gönguleiða, hvar finna má bekki og útiborð og helstu örnefni á leiðinni. Í sumar verður svo unnið að frágangi áningarstaða sem verða hellulagðir og ruslatunnur settar upp. Gert er ráð fyrir framkvæmdum Vegagerðarinnar við **varnargarða** meðfram Tungutjörn og Svalbarðstjörn næsta sumar og vegir/göngustígar meðfram tjörnunum verða þá lagfærðir.



Vitinn varð 100 ára á síðasta ári og að því tilefni var hann málaður. Næsta sumar verður svæðið í kringum hann hellulagt, bekkir settir upp og upplýsingaskilti með upplýsingum um dýralíf og sögu svæðisins sett upp. Vitinn hefur mikið aðdráttarafl og fjölmargir sem nýta sér svæðið til útivistar.

Á **gámasvæði** á Svalbarðseyri var sett upp aðgangsstýring að svæðinu auk þess sem grenndarstöð var sett upp. Með þessu verður aðgangur aðila utan svæðis heftur og íbúar geta sinnt flokkun enn betur. Nú eru 16 flokkar sem hægt er að losa sig við á gámasvæðinu, allt frá pappa yfir í rafgeyma, föt, fernur og rafhlöður. Aðgang fá einstaklingar með lögheimili á Svalbarðsströnd og þjónustuaðilar, aðgangur er í gegnum síma og allt utanumhald með svæðinu

TILLAGA

FLOKKUM RÉTT

PÚ ERT Í MYND!

1 Almennt	5 Raftæki	9 Málning	13 Föt
2 Gler	6 Húsgögn	10 Kertavax	14 Fernur
3 Timbur	7 Olía	11 Pappír	15 Plast
4 Málmar	8 Rafgeymar	12 Dagblöð	16 Rafhlöður

FLOKKUNARIÐRÉTTINGIÐ OG LÖGUMÁÐGÁTAL FJENNUR ÞÚ Á SVALBARÐSTRÖND

NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



einfaldast. Stefnt er að því að hlið verði sett á svæðið í Kotabyggð en markmiðið með þessari aðgangsstýringu er minnkun sorps, betri flokkun og aukin endurnýting. Kostnaður sveitarfélagsins helst í hendur við nýtingarhlutfallið, því meira sem við getum endurnýtt, því minni kostnað berum við af. Geymslugámar á svæðinu voru málaðir og gert er ráð fyrir að stækka gámasvæðið í sumar.

Unnið hefur verið að gerð **fjallgirðingar** síðastliðin ár. Vinnan hófst í syðsta hluta sveitarfélagsins en síðastliðið sumar var hafist handa við að undirbúa girðingastæði í nyrsta hluta sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að fjallgirðing verði komin vel áleiðis í lok næsta sumars. **Réttin** að Geldingsá var endurnýjuð síðastliðið sumar og unnu

bændur, starfsmenn sveitarfélagsins og vinnuskóla hörðum höndum við að endurbyggja réttina. Vinnuskólinn hefur tekið að sér að berjast við kerfilinn víðsvegar um sveitarfélagið og ýmsar tilraunir verðir gerðar í þeirri baráttu. Vonandi náum við yfirhöndinni en íbúar hafa verið duglegir að leggja hönd á plóg. Starfsmenn Vinnuskóla löguðu **matjurtargarð** norðan við Sundlaugina og **hundagerði** var sett upp á sama svæði.

Við Valsárskóla var settur upp **Ærslabelgur** sem er í mikilli notkun og í vor verður stígurinn milli Valsárskóla og Bakkatúns kláraður. Við gerum ekki ráð fyrir að stígurinn verði malbikaður í ár en eftir er að gera stíginn milli brúar yfir Valsá og Bakkatúns. Áætlað er að stígurinn verði malbikaður um leið og nýjar götur í Valsárhverfi verða malbikaðar.

Sveitarstjórn hefur tekið þátt í fjölda funda vegna **fiskeldis** við Eyjafjörð og tekið undir bókun meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar um friðun Eyjafjarðar. Í bókun sveitarstjórnar er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu, varðveislu og verndun vistkerfis fjarðarins og að nýting auðlinda skerði ekki möguleika vistkerfisins til vaxtar. Nágrannasveitarfélög leggja áherslu á að hafin verði vinna við skipulagsgerð vegna nýtingar haf- og strandsvæða við Eyjafjörð og sveitarstjórn er fylgjandi þeirri vinnu.

Sveitarstjórn ákvað síðastliðið haust að klára undirbúningsvinnu vegna lagningar **göngu- og hjólastígs** á þessu ári, 2021, ákveða legu stígsins, semja við landeigendur, ganga frá hönnun og fjárhagsáætlun og vinna að fjármögnun. Unnið var út frá því að fyrsti áfangi verksins, stígur milli Leirubrúar og Vaðlaheiðarganga yrði unninn í samstarfi við Norðurorku og fyrirhugaðan flutning á köldu vatni úr Vaðlaheiðargöngum til Akureyrar. Nú hefur orðið sú breyting á að fyrirhugað er að byggja upp böð á Ytri Varðgjá þar sem heitt vatn úr Vaðlaheiðargöngum verður nýtt og kalla þessar áætlanir á lagningu leiðslu fyrir heitt og kalt vatn frá göngunum að baðstaðnum. Sveitarfélagið hefur hafist handa við að ákveða legu stígs, fullhanna og ganga frá fjármögnun stígsins um leið og haldið verður áfram og hönnun stígs að Svalbarðseyri verður



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

kláruð. Viðbúið er að verkefnið eigi eftir að ganga hratt fyrir sig þegar þörf er komin á flutningi vatnsins og vonandi náum við að byggja upp göngu- og hjólastíg að Svalbarðseyri á næstu tveimur til þremur árum. Þriðji áfangi göngu- og hjólastígs liggur frá Svalbarðseyri og gatnamótum í Víkurskarði og gert ráð fyrir að farið verði í þann áfanga í beinu framhaldi.

Unnið hefur verið að hönnun **útsýnispalls** norðan við hringtorgið við Vaðlaheiðargöng og fyrstu teikningar tilbúna. Sveitarfélagið í samstarfi við landeiganda vann að þessari uppbyggingu. Þessar hugmyndir hafa verið lagðar til hliðar í bili og standa vonir til þess að einkaaðilar sjái tækifæri í að byggja upp áningastaðar þar sem gestir geta sótt þjónustu og upplýsingar um ferðaþjónustu á svæðinu.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd vann umhverfisstefnu sveitarfélagsins, fundir voru haldnir um flokkun sorps og meðhöndlun og fyrirhugaðir voru fundir vegna endurheimtar votlendis og með þjónustuaðilum sorphirðu þegar COVID skall á.

Ástand fráveitu á Svalbarðseyri hefur verið kannað og lagnir myndaðar. Ástand lagnakerfis er gott en samtal hefur átt sér stað við Norðurorku vegna hreinsunar, eldri fráveitu og uppbyggingu nýs kerfis í Valsárhverfi. Þó ástand kerfisins sé gott var áhugavert að sjá allt það sem upp kom við hreinsunina, spýtur, steinar og dósir, allskyns dót og drasl sem ekki á heima í fráveitukerfi.



FRÆÐSLUMÁL

COVID-19 hefur sett mark sitt á starfsemi stofnana sveitarfélagsins og starfsmenn bæði leik- og grunnskóla hafa unnið samhentir að því að halda uppi fullri kennslu. Við þurftum að loka leikskólanum tvisvar sinnum vegna mögulegra smita, nokkrir starfsmenn hafa þurft að fara í



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

sóttkví en starfið hefur gengið vel á þessum erfiðu tímum og eiga starfsmenn þakkir skilið. Það hefur verið mikil áskorun fyrir stjórnendur og starfsmenn að sníða starfsemina eftir þeim tilmælum sem komið hafa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og foreldrar hafa sýnt



breytingu á skólastarfi mikinn skilning. Viðbragðsteymi sveitarfélagsins var virkjað samkvæmt viðbragðsáætlun sem unnin var á vormánuðum 2020 ásamt aðgerðaráætlun. Í viðbragðsteymi sitja skólastjórnendur, sveitarstjóri, skrifstofustjóri og umsjónarmaður fasteigna.

Nýir stjórnendur tóku við í leik- og grunnskóla í byrjun sumars 2020 og skipa nýir stjórnendur sameiginlega skólastjórn. Samningur var gerður við Háskólann á Akureyri um skólaþjónustu, rannsóknir og úttektir og fá stjórnendur gott bakland við að móta starfið og verkefni nýrrar skólastjórnar. Svalbarðsstrandarhreppur er auk þess með samning við Akureyrarbæ um ráðgjafa- og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, barnavernd og félagsþjónustu.

Úttekt var unnin á stöðu leik- og grunnskóla eftir sameiningu og var ráðgjafafyrirtækið Starfsgæði fengið til verksins. Niðurstaða þeirrar vinnu var að skólinn yrði áfram rekinn sem einn skóli en með stjórnendum á sitthvorri starfsstöð. Með þessu vill skólanefnd og sveitarstjórn efla starfið og faglega nálgun.

Eins og áður kom fram hafa miklar breytingar orðið á aðstöðu starfsmanna bæði í leik- og grunnskóla. Aðstaða nemenda beggja skólastiga hefur einnig verið bætt og eftir sumarið ætti útisvæði að vera orðið mjög gott. Starfsemi frístundar hefur verið eflað og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafa einnig unnið að eflingu starfsins m.a. með auknu samstarfi við félagsmiðstöðvar nágrennasveitarfélaga.



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Valsárskóli gegnir lykilhlutverki í innleiðingu Barnvæns samfélags og var samningur undirritaður við félagsmálaráðherra í byrjun sumars 2020 um innleiðingu verkefnisins í samvinnu við UNICEF.

Vinnuaðstaða starfsmanna og nemenda Álfaborgar



Báðir skólarnir eru vel búnir, aðstaða starfsmanna og nemenda er góð, tæki og tölvur eru í góðu ástandi og útisvæði nemenda verða orðin mjög góð í lok sumars 2021. Nýir stjórnendur hafa tekist á við rekstur skóla á erfiðum tímum, COVID hefur haft mikil áhrif á skólastarfið og mikilvægt að starfsmenn fái tækifæri á samveru og að sækja sér fræðslu og þekkingu þegar faraldurinn hefur gengið yfir.





NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

STARFSMANNAMÁL

Áhersla hefur verið lögð á að bæta aðstöðu starfsmanna, bæði í Álfaborg og Valsárskóla. Sveitarfélagið hefur unnið reglur um sí- og endurmenntun starfsmanna auk þess sem unnin var starfsmannastefna, jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun. Sveitarfélagið gerði samning við fyrirtækið Vinnuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis og nú eftir áramótin var tekið upp viðverkerfið TÍMON. Sveitarfélagið hefur klárað ferli jafnlaunavottunar, sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Innleiðingaraðilar voru Attentus og úttektaraðilar VersaVottun.

Vinnuaðstaða starfsmanna Valsárskóla



Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi starfsmanna í leik- og grunnskóla, bæði hjá almennum starfsmönnum og leikskólakennurum, stytting vinnuvikunnar tók gildi eftir áramótin og undirbúningstímum var fjölgað við gerð síðustu kjarasamninga. Þessar breytingar verða faglegu starfi til góðs en gert er ráða fyrir að framkvæmd styttingar vinnuvikunnar verði endurskoðuð eftir fyrsta ársfjórðung.

Sveitarstjórn stofnaði sí- og endurmenntunarsjóð sem starfsmenn geta sótt í bæði vegna framhaldsnáms og námskeiða sem falla að starfsemi sveitarfélagsins. Með innleiðingu jafnlaunavottunar hefur sveitarfélagið komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Unnar hafa verið starfslýsingar og upplýsingar vistaðar í skjalakerfi sveitarfélagsins.



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Eldri borgarar hafa hist í kaffi á skrifstofu Ráðhússins á þriðjudögum en hlé hefur orðið á þessum fundum og samkomum í Valsárskóla þar sem boðið var uppá mat. Í COVID hefur ekki verið færi á að hittast en um leið og fært verður hittast þau aftur og gera sér glaðan dag.




NÆSTU VERKEFNI

Hér hafa helstu verkefni og framkvæmdir síðustu tveggja ára verið talin upp. Viðbúið er að næstu misseri hægist um framkvæmdir ef frá eru talin parhúsin sem fyrirhugað er að byggja árið 2021. Umhverfi eldri deildar leikskólabarna verður lagað í sumar, nýr kastali settur upp og undirlag lagað. Hönnun göngu- og hjólastígs, fjármögnun og frágangur er stórt verkefni og vonandi verðum við komin vel áleiðis í lagningu stígsins í lok árs. Miklar breytingar hafa orðið á fundahaldi síðustu misserin, fundum sem sveitarstjóri situr hefur ekki fækkað, þeim hefur fjölgað í heimsfaraldrinum en breytingin sem orðið hefur er sú að nú er það í gegnum tölvu sem fundir eru haldnir. Almannaþingir hafa haldið vel utanum sveitarstjórnarstigið og miðlað upplýsingum og aðstoðað ef á hefur þurft að halda. Við hér á Svalbarðsströnd höfum ekki sloppið við smit en sem betur fer voru smitin fá og við erum að komast frá þessum faraldri án mikilla erfiðleika. Starfsemin hefur sannanlega breyst heilmikið og starfsmenn hreppsins eru eins og aðrir orðnir langeygir eftir breytingum, að við getum hist og heilsast, skemmt okkur og notið samvista. Sveitarstjórn hittist í netheimum stóran hluta ársins en síðustu fundir hafa verið haldnir á hreppsskrifstofunni.



NÝÁRSPISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Sveitarstjórn hefur hafið umræðu um sameiningu sveitarfélaga og bauð nágrönnum okkar í Eyjafjarðarsveit til samtals. Svo kom COVID þannig að aðeins gafst færi á að hitta Eyfirðinga en þegar hægt verður er gert ráð fyrir að nágrönnum okkar í Grýtubakkahreppi og Hörgársveit verði boðið til samtals. Sveitarfélagið fékk styrk frá Jöfnunarsjóði til að vinna valkostagreiningu þar sem farið verður yfir kosti og galla þeirra möguleika sem eru í stöðunni ef niðurstaðan verður að vilji er til sameiningar. Íbúum var boðið til opins fundar í byrjun árs 2020 þar sem farið var yfir sameiningar sveitarfélaga, hvaða þjónustu við viljum standa vörð um og hvaða tækifæri hægt er að sjá í sameiningarmálum. Ferðaþjónustan er burðargrein í atvinnumálum á svæðinu og því fagnaðarefni að á næstu misserum sé fyrirhugað að hefja uppbyggingu á nýjum baðstað sem eflir svæðið í heild sinni. Átak er hafið í hreinsun lausamuna, gáma og númerislausra bíla og standa vonir til að í árslok verði íbúar varir við að breyting hafi orðið á.



Með vorinu ættum við að sjá móta fyrir nýjum húsum við Bakkatún, krakkarnir í Vinnuskólanum verða byrjuð að snyrta umhverfið og vonandi verður sólin okkar megin í lífinu.

Viðburðaríkt ár bíður okkar og vonandi náum við yfirhöndinni í baráttunni við COVID-19, íbúar geta gert sér glaðan dag, hist og fundað, skipulagt og ráðið ráðum sínum. Bryggjuhátíð, þorrablót, fermingar, afmæli og brúðkaup, ættarmót og bæjarhátíðir, útilegur og ferðalög – vonandi bíður þetta okkar á nýju ári.

Ég vil þakka starfsmönnum Svalbarðsstrandarhrepps fyrir vel unnin störf á árinu sem er ný liðið og íbúum fyrir gott samstarf og hlakka til að starfa með starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins á nýju ári.

Með kærri kveðju

Björg Erlingsdóttir